

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR ICELANDSIF

Aðalfundur IcelandSIF, kt. 461217-1330, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, var haldinn miðvikudaginn 18. apríl 2018, kl. 14:00, að heimili félagsins.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, stjórnarformaður, setti fundinn og tilnefndi Guðbjörgu Þorsteinsdóttur, lögfræðing hjá Deloitte ehf. sem fundarstjóra. Fundarstjóri gerði tillögu um að Gerður Guðmundsdóttir yrði fundarritari.

Til fundarins var boðað með lögbundnum hætti samkvæmt ákvæðum samþykktu félagsins, með tölvupósti dags. 21. apríl 2018. Mættir voru fulltrúar fyrir hönd 17 aðildarfélaga, sbr. 3. gr. samþykktu félagsins.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi í samræmi við fundarboðun og samþykktir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda/skoðunarmanns.
 - a. Tillaga er um að Deloitte ehf. kt. 521098-2449, verði kjörið endurskoðandi félagsins.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
 - a. Tillaga er um að félagsgjald verði óbreytt.
9. Tillögur að breytingum á samþykktum, ef þær liggja fyrir.
10. Önnur mál

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Guðbjörg Þorsteinsdóttir hjá Deloitte ehf. var kjörin fundarstjóri og Gerður Guðmundsdóttir hjá Deloitte ehf. var kjörin fundarritari.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir flutti skýrslu um starfsemina á árinu 2017. Skýrsla stjórnarinnar var lögð fram og samþykkt.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Farið var yfir ársreikning félagsins vegna rekstrarársins 2017 og hann samþykktur.

4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Farið var yfir áætlun stjórnar félagsins fyrir komandi starfsár og hún samþykkt.

5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og skoðunarmanna

Fyrir fundinn lá fyrir tillaga um að ekki yrðu greidd stjórnarlaun sem var samþykkt samhljóða.

6. Kosning stjórnar

Fyrir fundinn voru 8 framboð í stjórn. Á fundinum voru eftirfarandi aðilar kjörnir í stjórn:

Davíð Rúdólfsson hjá Gildi lífeyrissjóði, Egill Tryggvason hjá Verði tryggingum, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir hjá Landsbankanum hf., Jóhann Guðmundsson hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, Kristín Jóna Kristjánsdóttir hjá Íslandssjóðum, Kristján Geir Pétursson hjá Birtu lífeyrissjóði og Óli Freyr Kristjánsson hjá Arion banka hf.

Niðurstaða kosninganna og skipting atkvæða var eftirfarandi:

1. Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir – 17 atkvæði
2. Davíð Rúdólfsson – 15 atkvæði
3. Kristján Geir Pétursson – 15 atkvæði
4. Kristín Jóna Kristjánsdóttir – 13 atkvæði
5. Óli Freyr Kristjánsson – 11 atkvæði
6. Jóhann Guðmundsson – 11 atkvæði
7. Egill Tryggvason – 11 atkvæði
8. Kristbjörg M. Kristinsdóttir – 6 atkvæði

7. Kosning endurskoðanda/skoðunarmanns

Fyrir fundinn lá fyrir tillaga um að Deloitte ehf. verði endurskoðandi félagsins (Signý Magnúsdóttir) sem var samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun félagsgjalds

Fyrir fundinn lá fyrir tillaga um að félagsgjald yrði óbreytt sem var samþykkt samhljóða.


9. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir önnur mál. Var stjórn félagsins falið að tilkynna ákvörðun um nýja stjórn til fyrirtækjaskrár.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:28.

Fundargerð ritaði Gerður Guðmundsdóttir, Deloitte ehf.

Þannig gert í Kópavogi, 18. apríl 2018.


Guðbjörg Þorsteinsdóttir,
fundarstjóri


Gerður Guðmundsdóttir
fundarritari